

Ágætu nemendur og gleðilegt nýtt ár (see English below) – bréf sent 5.janúar 2021

Kennsla hefst í MH á miðvikudaginn 6. janúar kl. 09:00 og er kennt til 11:10. Á heimasíðu skólans er að finna nánari upplýsingar um skipulag fyrstu daganna. Athugið vel inn um hvaða inngang þið eigið að koma þegar þið komið í hús.

Í upphafi annar kennum við alla tvöfalda tíma í húsi en með nokkrum undantekningum (sjá á heimasíðunni). Einfaldir tímar, eftir hádegi alla daga og á föstudögum, verða rafrænir fyrst um sinn. Það er afar mikilvægt að við virðum þær reglur sem eru í gildi, þ.e. grímuskyldu, að safnast ekki saman í hópum í almennum rýmum, að spritta sig, að virða nándarmörk, o.s.frv. Athugið að gangar eru aðeins hugsaðir sem ferðarými og verða kennslustofur opnar þegar nemendur koma í hús. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur komi saman á Matgarði og Miðgarði og verða Norðurkjallari og Sómalía lokuð fyrst um sinn. Bókasafn skólans verður opið og hvet ég nemendur, sem ekki hafa tök á því að stunda námið heima fyrir, til að nota aðstöðuna þar.

Forsendan fyrir því að við getum haldið úti skólastarfi er að virða reglurnar og fara eftir þeim. Nemendur sem finna fyrir einkennum COVID-19 eiga að vera heima og tilkynna veikindi. Ofangreint skipulag gildir meðan núverandi sóttvarnarreglur gilda en verði þeim breytt mun skólastarfið taka mið af því.

Baráttukveðjur,

Steinn

---

Dear students and happy new year.

School will start on Wednesday at 09:00 and on the school's website you will find information on which entrance to use when you arrive to classes. From Monday 11th, we will teach all classes in the IB-programme and in the special study program. The first three days (Wednesday 6th – 8th), IB students follow the same arrangement as other students, attending all double sessions in the class schedule (Wed and Thu) but other classes online (Wed/Thu afternoon + Friday). Other students in MH will attend all double sessions in the class schedule in MH premises but other classes will be through the Learning Management System.

It is very important that we respect the rules that are in place, ie. use of masks, not to gather in groups, respect the boundaries of intimacy (2 meter rules), etc. Please note that halls are only intended as travel spaces between classrooms. Students are not expected to gather at Matgarður, Miðgarður and Norðurkjallari and Sómalía will be closed for the time being. The library is open to students.

To be able to maintain teaching we have to respect the rules and it worked well last

semester when you came to school. Students who feel any COVID-19 symptoms must stay home and report absence through INNA.

Otherwise, I would like to reiterate that the instructions from authorities are under constant review and therefore circumstances can suddenly change.

Kind regards,

Steinn